

Nefndarsvið Alþingis
153. löggjafarþing 2022–2023.
Þingskjal 80 — 80. mál.



Reykjavík 16. apríl 2023

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjöleignarhús, nr. 26/1994 (gæludýrahald)

Stjórn Dýraverndarsambands Íslands (DÍS) styður eindregið ofangreint frumvarp um að gæludýrahald verði leyft í fjöleignarhúsum.

Skv. núgildandi lögum er hunda- og kattahald í fjöleignarhúsi háð samþykki 2/3 hluta eigenda sem hafa sameiginlegan inngang eða stigagang. Ekkert segir um önnur gæludýr og getur einfaldur meirihluti eigenda í fjöleignarhúsi bannað gæludýrahald í húsinu. DÍS telur eðlilegt að breytt lög taki af allan vafa varðandi öll gæludýr og leggur til eftirfarandi breytingu:

1. gr. 33. gr. e laganna, ásamt fyrirsögn, orðist svo:

~~Hundar og kettir.~~ Gæludýr.

~~Hunda- og katta~~ Gæludýrahald í fjöleignarhúsi er ekki háð samþykki annarra eigenda. Húsfélag getur sett nánari reglur um ~~hunda- og katta~~ gæludýrahald á húsfundi með samþykki allra eigenda, enda séu þær eðlilegar, málefnalegar og á jafnræði reistar.

Húsfélag getur með samþykki 2/3 hluta eigenda lagt bann við dýrahaldi í einstökum tilvikum ef það veldur öðrum íbúum verulegum ama, ónæði og truflunum og eigandi dýrsins neitar að gera bót þar á.

Gæludýr eru orðin eðlilegur hluti af samfélagi manna. Það er mikil ábyrgð falin í þeirri ákvörðun að taka að sér gæludýr og skyldi sú ákvörðun ávallt vera vel ígrunduð, enda skuldbinding til margra ára. Ef aðstæður breytast þannig að eigandi dýrs þarf að skipta um húsnæði er mjög mikilvægt að almenna reglan sé að gæludýr séu leyfð í fjöleignarhúsum, svo ekki komi til aðskilnaðar við dýrið sem getur reynst dýrinu erfitt og eigandanum þungbært.

Hægt er að líta til nágrannalanda okkar í þessu efni. Í Noregi er meginreglan sú að húsfélög fjöleignarhúsa geta bannað gæludýr. Lög gefa engu að síður íbúum kost á að hafa gæludýr, ef

eigandinn hefur góðar ástæður fyrir því að vilja eða þurfa að hafa gæludýrið. Gæludýrið má þó ekki valda öðrum íbúum óþægindum. Í Svíþjóð getur leigusali aðeins bannað gæludýr í leiguhúsnæði í fjöleignarhúsi í sérstökum tilvikum, t.d. í fjöleignarhúsum sem er ætlað fyrir ofnæmissjúklinga. Er það regla til eftirbreytni.

Með vísan í ofangreint hvetur DÍS stjórnvöld eindregið að leyfa gæludýrahald í fjöleignarhúsum.

Virðingarfyllst fyrir hönd DÍS,

A handwritten signature in black ink that reads "Linda Karen Gunnarsdóttir". The script is cursive and fluid.

Linda Karen Gunnarsdóttir
formaður DÍS